

**Nd.**

**93. Frumvarp**

til laga um maudrepanði aukabað á sauðfje.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Tólf dögum fyrir eða eftir þrifaböðun, eftir lögum nr. 46, 10. nóv. 1913, þá er næst verður eftir það, er lög þessi ganga í gildi, skal alt sauðfje á landinu baðað úr maudrepanði baðlyfi.

2. gr.

Á því ári skal hið lögskipaða þrifabað vera úr sama baðlyfi sem aukabaðið eða öðru jafn banvænu fyrir kláðamaur.

3. gr.

Hvortveggja böðunin skal framkvæmd eftir fyrirsögn dýralæknanna Magnúsar Einarssonar og Sigurðar Einarssonar og undir umsjón þeirra.

4. gr.

Landssjóður greiðir þann kostnað, sem leiðir af aukabaðinu, fyrir baðlyf og umsjón.

5. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. nóvember 1915.